



# Framkvæmda- fréttir

6. tbl. / 15



Hvalfjarðarvegur (47) við Brunná. Skemmdir á klæðingu eftir ofsaveður laugardaginn 14. mars.

## Töluverðar skemmdir á klæðingu víða um land

Áður birt á vegagerdin.is 16.03.2015

Undanfarnar vikur hefur klæðing fokið af vegum víða á landinu og skapar það mikla hættu fyrir umferð. Mestar skemmdir urðu laugardaginn 14. mars þegar ofsaveður gekk yfir allt land. Jafnóðum er unnið að því að merkja skemmdir með varúðarmerkingum en ljóst er að það mun taka nokkurn tíma að koma slitlagi aftur á vegina. Það verður gert með vorinu. Veður og hitastig þarf að vera þokkalegt til að unnt sé að leggja nýja klæðingu á þessa kafla. Vegfarendur eru beðnir um að fara varlega og það er nauðsynlegt að hægja vel á ferðinni þegar farið er yfir þessa skemmdu kafla.

Skemmdir urðu m.a. á Suðursvæði, annars vegar við Borg í Grímsnesi og hins vegar við Óseyrarbrú. Einnig fauk klæðing af innri öxl (vinstri kanti) á Reykjanesbraut á tveimur stöðum. Skemmdir urðu á vegi í Brynjudal og í Hvalfjarðarbotni, einnig fauk klæðing af kafla á Eyrarfellsvegi, við brú í Miðdal

og skemmdir urðu á Þingvallavegi nálægt Grafningsvegi. Það virðist vera lítið um skemmdir í Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu. Minniháttar skemmdir á tveimur stöðum í Árnessýslu. Þá fuku átta ljósastaurar á Reykjanesbrautinni um koll.

Á Norðursvæði hafa orðið töluverðar skemmdir á slitlögum í Skagafirði. Laugardaginn 14. mars urðu verulegar skemmdir á Siglufjarðarvegi við Stafá, síðan bættist við einn blettur í Sléttuhlíð rétt sunnan við Keldur og annar á Sauðárkróksbraut við flugvöllinn. Á Norðausturvegi við gamla Öxarfjarðarheiðarveginn á Leirtjarnarhálsi urðu skemmdir á um 70 m<sup>2</sup> kafla. Smávægilegar skemmdir urðu á klæðingu í Húnavatnssýslum.

Talsverðar skemmdir urðu einnig á Vestursvæði á Innstrandavegi og í Tungusveit og á Stíkuhálsi. Einnig urðu

### Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 6. tbl. 23. árg. nr. 646 23. mars 2015

Ritsjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar  
Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
eða með tölvupósti til:  
**vai@vegagerdin.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útbóðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbóð eru kynnt, útbóðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

► skemmdir á Borgarfjarðarbraut við Kvikstaði. Laugardaginn 14. mars fuk slitlag af Útnesvegi í Neshrauni á um 50 m<sup>2</sup> kafla. Af Snæfellsnesvegi í Kolgrafarfirði á u.þ.b. 40 m<sup>2</sup> kafla og austan við Bjarnarhafnarfjall á u.þ.b. 150 m<sup>2</sup> kafla. Í Álftafirði lokuðu krupa- og aurflóð vegi á Úlfarsfellshlíð og austan við Birgishöfða. Gert var við skemmdir í Álftafirði og slitlag þegar veður gekk niður á laugardag. Á svæðinu rann einnig lítillega úr vegum númer 52 við Snartarstaði, 512 við Gullberastaði, smávægis á vegi 517 og mest á Hítarnesvegi 566. Á Vesturlandi fuk líka hluti klæðingar við Þrjár brýr, Staðarhólsárbrú, Hvolsárbrú og Hundadalsárbrú. Einnig fuk klæðing af um 50 metra kafla á heimreiðinni að Sauðafelli.



Hvalfjarðarvegur (47) í Botnsvogi. Fokskemmdir á klæðingu.

Á Austurlandi fuk klæðing af Hringvegi norðan við Vega-skarð. Smávægiligar skemmdir urðu víða á Austurlandi vegna vatnavaxta um helgina þar sem ræsi höfðu ekki undan og vatn rann yfir veg. Heimreiðar fóru í sundur á nokkrum stöðum. Einnig var töluvert grjóthrun í Kambanesskriðum og Þvottáskriður lokuðust vegna aurskriðu.

Þá fóru ræsarör í lóð Vegagerðarinnar í Borgarnesi af stað í veðrinu þann 14. mars og skemmdu girðinguna milli Vegagerðarinnar og Límtré-vírnets. ■



Ræsarör á athafnasvæði Vegagerðarinnar í Borgarnesi fuku í ofsa-vedri laugardaginn 14. mars og skemmdu girðinguna.



Siglufjarðarvegur (76) við Stafá.

## Varðan viðurkenning Vegagerðarinnar, göngu- og hjólabrýr yfir Elliðaárósa

Viðurkenning Vegagerðarinnar, Varðan, vegna hönnunar og frágangs samgöngumannvirkja 2011-2013 var veitt 12. mars vegna göngu- og hjólabrúa yfir Elliðaárósa. Það var í flokki brúa en viðurkenningu hlaut einnig Dettifossvegur en þau viðurkenningarskjöl verða afhent síðar. Áður var greint frá þessum úrslitum í 1. tbl. ársins og voru þá önnur tilnefnd verk kynnt og niðurstöður dómnefndar birtar.

Vegagerðin veitir viðurkenningu vegna hönnunar og frágangs samgöngumannvirkja á þriggja ára fresti. Tilgangurinn með viðurkenningunum er að efla vitund um útlit og frágang mannvirkja meðal starfsmanna og verktaka Vegagerðarinnar, stuðla að umræðu þar um og að vitna um ákveðinn vilja yfir-stjórnarinnar á þessu sviði. Svæði Vegagerðarinnar tilnefna

þau mannvirki sem þau telja skara framúr hverju sinni. Dómnefnd fer á vettvang og skoðar allar tilnefningar og metur þær. Þessir komu að verki og fengu viðurkenningu fyrir Elliðaárósa:

Ístak  
Teiknistofan Tröð  
Teiknistofan Nýbýli  
Snøhetta  
Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar  
Mannvit

Fulltrúi Snøhettu er erlendis og gat ekki tekið á móti viðurkenningunni. ■




Frá vinstri talið: Hreinn Haraldsson vegamálastjóri, Björn Þórðarson frá ÍSTAK, Árni J. Gunnlaugsson frá verkfræðistofu Jóhanns Indriðasonar, Rúnar G. Valdimarsson frá Mannviti, Sigurður Ingi Ólafsson frá teiknistofunni Nýbýli og Hans-Olav Andersen frá teiknistofunni Tröð.




Vaðlaheiðargöng, staða framkvæmda 16. mars 2015. Búið er að sprengja samtals 3.946 m sem er 54,8% af heildarlengd.

Heildarlengd ganga í bergi 7.206 m, vegskálar ekki meðtaldir. Sjá: [www.vadlaheidi.is](http://www.vadlaheidi.is)



Norðfjarðargöng, staða framkvæmda 14. mars 2015. Búið er að sprengja samtals 5.763 m sem er 76,1% af heildarlengd.

Heildarlengd ganga í bergi 7.542 m, vegskálar ekki meðtaldir. Sjá: [www.austurfrett.is](http://www.austurfrett.is)



### Miðfjarðarvegur (704), Hringvegur - Staðarbakki

Hér er boðin út endurbygging 3,76 km kafla Miðfjarðarvegur. Hluti verksins er breyting á vegamótum við Hringveg en nú eru vegamótin kross-vegamót á mótum Heggstaðanesvegi. Slíkt fyrirkomulag er mjög óheppilegt, sérstaklega þar sem sjónlengdir eru takmarkaðar. Í þessum tilgangi er notað gamalt vegstæði Hringvegur frá því áður en vegur var lagður um Hrutafjarðarháls á 8. áratug síðustu aldar.

### Auglýsingar útboða

Þessi auglýsing birt fyrst 16. mars en birt hér að nýju vegna breytinga á magntölu yfirlagna.

**Yfirlagnir á Suðursvæði 2015, klæðing** 15-003

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á Suðursvæði á árinu 2015.

Helstu magntölur:

- Yfirlagnir (K1), án steinefnis . . . . . 191.505 m<sup>2</sup>
- Flutningur steinefnis . . . . . 2.490 m<sup>3</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. september 2015.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánuðeginum 16. mars 2015. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 31. mars 2015 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Miðfjarðarvegur (704), Hringvegur - Staðarbakki 15-025

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurbyggingu á 3,76 km kafla á Miðfjarðarvegi (704-01). Kaflinn er frá Hringvegi og endar 800 m norðan við heimreiðina að Staðarbakka.

Helstu magntölur eru:

Fylling . . . . .	14.600 m <sup>3</sup>
Fláafleygar . . . . .	6.660 m <sup>3</sup>
Efnisvinnsla 0/22 mm . . . . .	4.580 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag . . . . .	17.860 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag 0/22 mm . . . . .	4.580 m <sup>3</sup>
Klæðing . . . . .	28.280 m <sup>2</sup>
Ræsalögn . . . . .	185 m
Rásarbotn og fláar . . . . .	53.080 m <sup>2</sup>
Frágangur núverandi vegar . . . . .	7.900 m <sup>2</sup>


1. Áfangi: Verktaki skal ljúka öllum verkþáttum nema lokafrágangi fláa, útlögn efra burðarlags og útlögn klæðingar fyrir 1. október 2015.



2. Áfangi: Árið 2016 skal vinna við lokafrágang fláa, afréttingu og frágang neðra burðarlags, útlögn efra burðarlags og klæðingar.

Verkinu skal að fullu lokið 1. júlí 2016.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánuðeginum 23. mars 2015. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 8. apríl 2015 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.





## Norðfjarðarvegur (92), brú á Eskifjarðará

Hér er boðin út gerð nýrrar brúar á Eskifjarðará í nýrri veglínu að gangamunna Norðfjarðarganga. Núverandi brú, byggð 1999, mun nýtast áfram fyrir tengingu byggðar í Eskifirði við Norðfjarðarveg. Hér í opnunni má sjá teikningar af nýju brúnni og loftmynd sem sýnir afstöðu miðað við gangamunna.

## Auglýsingar útboða

### Norðfjarðarvegur (92),

### brú á Eskifjarðará 15-015

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í smíði nýrrar brúar yfir Eskifjarðará. Brúin verður eftirspennt bitabrétt í þremur höfum, 58 m löng og 10 m að breidd.



Helst magntölur eru:

Rofvörn .....	435 m <sup>3</sup>
Mótafletir .....	1.787 m <sup>2</sup>
Steypustyrktarjárn .....	61,3 tonn
Spennt járnalögn .....	12,2 tonn
Steypa .....	701,1 m <sup>3</sup>
Vegrið .....	170 m

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. október 2015.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 23. mars 2015. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 14. apríl 2015 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



## Álftanesvegur, fallegur og áberandi hraunsteinn fluttur úr veglínunni

Stór steinn, sem var í veglínu nýs Álftanesvegar þar sem hann mun liggja um Garðahraun, var fluttur 18. mars.

Steinninn, sem var í tveimur hlutum, hefur verið áberandi í landslagi hraunsins. Hann var settur niður til hliðar við veginn þar sem er að finna aðrar svipaðar tilkomumiklar steinmyndanir. Þannig er ætlunin að búa til eina fallega heild sem síðar gæti orðið viðkomustaður göngufólks um hraunið. Einhverjir telja að steinninn sé íverustaður álfa, kapella eða kirkja, og að steinmyndanirnar í nágrenninu séu einnig álfabyggð. Mögulegt er talið að steinninn sé Ófeigskirkja en um það eru menn ekki sammála.

Starfsmenn ÍAV höfðu reiknað út að steinarnir vigtuðu annars vegar 20 tonn og hins vegar 50 tonn. Þeir höfðu rétt fyrir sé með 50 tonna steinninn en sá minni reyndist heil 37 tonn þannig að í heild eru þetta um 87 tonn. Réttur þungi kemur fram í átaksmæli í krananum.

Vel gekk að hífa steinana, fyrst var sá minni hífður og lagður til hliðar en síðan var sá stærri settur á sinn framtíðarstað


þar sem hann kallast á við hinar hraunmyndanirnar. Minni steinninn var svo settur fast upp við þann stærri, á sama hátt og þeir höfðu áður staðið. Verktakinn vann þetta verk af mikilli fagmennsku og öryggi og ekki annað hægt að segja en að það fari vel um „álfakapelluna“ á nýjum stað. ■



Stærri steinninn, 50 tonn, kominn á loft.



Litla grafan lagar til stað fyrir stærri steinninn.



Steinarnir fyrir flutning.



Smærri steinninn kominn á loft.



Stærri steinninn lagður niður á sinn framtíðarstað.



Útbíud sæti fyrir smærri steinninn hétt upp við þann stóra.



Smærri steinninn, 37 tonn, svífur á bráðabirgðastað.



Krókurinn settur í stærri steinninn.



Smærri steinninn lagður niður á sinn stað.




Steinarnir komnir saman á endanlegum stað.

## Vef Vegagerðarinnar, www.vegagerdin.is, breytt í snjallvef

Áður birt á vegagerdin.is 04.03.2015

Vef Vegagerðarinnar hefur verið breytt í snjallvef. Snjallvefur (responsive web) er vefur sem aðlagar sig sjálfvirkir að skjástærð notandans, þ.e.a.s. raðar upp og birtir efni vefsíðna eins og best hentar viðkomandi tæki.



Snjallvefur Vegagerðarinnar birtist á þrjá vegu. Hann birtist í því hefðbundna útliti sem verið hefur síðan vefurinn var tekinn í notkun sumarið 2013, hann birtist í spjaldtölvuútliti og einnig birtist vefurinn í snjallsímaútliti. Vefurinn er hannaður sem „puttavænn“ vefur, þ.e.a.s. vefur sem auðvelt er að nota í tækjum með snertiskjá.

Í spjaldtölvu- og snjallsímaútliti birtir vefurinn ekki aðalflokka né aðrar upplýsingar í haus og

engar hliðarvalmyndir birtast vinstra megin á vefsíðum. Þess í stað hefur notandinn aðgang að leiðarkerfi vefsins með því að smella á „hamborgarann“ sem birtist hægra megin í haus vefsíðunnar. (Hamborgarinn eru þrjár línur sem vísa í leiðarkerfið.) Munurinn á spjaldtölvu- og snjallsímaútliti felst m.a. í því að forsíða vefsins í snjallsímaútgáfunni er hönnuð fyrir skjástærð snjallsímanna.

Með þessum breytingum á vefnum fylgir Vegagerðin nýjustu straumum í vef-framsetningu en þróunin er mikil í þá átt að gera vefi snjalla frekar en að búa til og viðhalda sérstökum farsímavefum. Notendum að vef Vegagerðarinnar hefur fjölgað verulega undanfarin ár og einnig hefur notkunin breyst á þann veg að notendur vefsins nota í auknu mæli snjalltæki þó svo að vefurinn hafi ekki verið hannaður sem snjallvefur þar til nú. Mælingar á notkun vefsins benda til að síðar á þessu ári verði fjöldi snjalltækjanotenda að vef Vegagerðarinnar kominn upp fyrir fjölda þeirra notenda sem nota bord- og fartölvur. ■

### Yfirlagnir á Norðursvæði 2015, klæðing 15-002

Tilboð opnuð 17. mars 2015. Yfirlagnir með klæðingu á Norðursvæði 2015.

Helstu magntölur eru:

Yfirlagnir með einföldu lagi klæðingar	363.910 m <sup>2</sup>
Flutningur steinefna	5.315 m <sup>3</sup>
Flutningur bindiefnis	641 tonn

Verki skal að fullu lokið 1. september 2015.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2 Bikun ehf., Kópavogi	72.415.180	111,4	13.583
--- Áætlaður verktakakostnaður	65.026.000	100,0	6.194
1 Borgarverk ehf., Borgarnesi	58.832.000	90,5	0

### Viðgerðir á malbikuðum slitlögum á Suðursvæði 2015 - 2016 15-0241

Tilboð opnuð 17. mars 2015. Viðgerðir á malbikuðum slitlögum á Suðursvæði, frá 1. apríl 2015 til 1. apríl 2017.

Helstu magntölur ár hvert:

Viðgerð með fræsun	3.750 m <sup>2</sup>
Viðgerð með sögun	420 m <sup>2</sup>
Viðgerð með geislahitun	1.000 m <sup>2</sup>
Viðgerð með íkasti	450 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. apríl 2017.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2 Malbiksviðgerðir ehf., Kópavogi	134.800.000	208,1	54.895
1 Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf., Hafnarfirði	79.905.000	123,3	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	64.790.000	100,0	-15.115

## Niðurstöður útboða

### Viðhald malarvega á Suðursvæði 2015-2016, vegheflun 15-023

Tilboð opnuð 17. mars 2015. Vegheflun og endurmótun vega á Suðursvæði 2015-2016. Þjónustustöðvar verkkaupa eru í Vík í Mýrdal, á Selfossi og í Hafnarfirði.

Helstu magntölur á ári eru:

Svæði 1 (Vík)	500 km
Svæði 2 (Selfoss)	700 km
Svæði 3 (Hafnarfjörður)	300 km

Verklök eru 31. desember 2016.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
<b>Svæði 1</b>			
4 Framrás ehf., Vík	20.300.000	112,2	5.765
--- Áætlaður verktakakostnaður	18.100.000	100,0	3.565
3 Arnar Stefánsson, Hellu	17.638.330	97,4	3.103
2 Þjótandi ehf., Hellu	17.104.000	94,5	2.569
1 Atli Már Guðjónsson	14.535.000	80,3	0
<b>Svæði 2</b>			
--- Áætlaður verktakakostnaður	22.500.000	100,0	7.965
2 Arnar Stefánsson, Hellu	22.370.730	99,4	7.836
1 Þjótandi ehf., Hellu	21.604.000	96,0	0
<b>Svæði 3</b>			
2 Brautryðjandi, Selfossi	14.713.000	116,8	185
1 Þjótandi ehf., Hellu	14.528.000	115,3	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	12.600.000	100,0	-1.928



Aðalgata á Saudárkróki 1939 og 2014. Til vinstri sést í kirkjuna. Gamla myndin er úr safni Geirs G. Zoëga.

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
15-033 Endurbætur á Biskupstungnabraut (35) sunnan Reykjavegar	2015
15-032 Endurbætur á Skálholtsvegi (31), Helgastaðir - Hvítá	2015
15-031 Fræsun og afrétting vega á Austursvæði 2015	2015
15-030 Sementsfestun á Vestursvæði	2015
15-028 Endurbætur á Hringvegi (1) í Reykjadal 2. áfangi, Daðastaðir - Reykjadal	2015
15-027 Arnarnesvegur (411), Reykjanesbraut - Fífuhvammavegur, eftirlit	2015
15-026 Arnarnesvegur (411), Reykjanesbraut - Fífuhvammavegur	2015
15-034 Hjólafarafyllingar og axlaviðgerðir á Suðursvæði og Norðursvæði 2015	2015
15-035 Endurbýgging Dilksnesvegur (9739)	2015
15-018 Örylgshafnarvegur (612), Skápadalur - Rauðasandsvegur	2015
15-017 Hvítársíðuvegur (523) um Bjarnastaði	2015
15-012 Búrfellsvegur (351) Búrfell - Þingvallavegur	2015
15-007 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2015, malbik	2015
15-008 Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2015, malbik	2015
15-010 Kokkálsvíkurbófn, endurbýgging furubryggju	2015
13-067 Sjóvarnir Vestmannaeyjar 2013	2015
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
15-015 Norðfjarðarvegur (92), brú á Eskifjarðará	23.03.15 14.04.15
15-025 Miðfjarðarvegur (704), Hringvegur - Staðarbakki	23.03.15 08.04.15
15-004 Yfirlagnir á Vestursvæði 2015, klæðing	16.03.15 31.03.15
15-003 Yfirlagnir á Suðursvæði 2015, klæðing	16.03.15 31.03.15

## Niðurstöður útboða

### Yfirlagnir á Suðursvæði og Austursvæði 2015, blettanir með klæðingu

15-006

Tilboð opnuð 17. mars 2015. Blettanir með klæðingu á Suðursvæði og Austursvæði á árinu 2015.

Helstu magntölur:

Blettun (k1) útlögn á Suðursvæði . . . . 100.000 m<sup>2</sup>

Blettun (k1) útlögn á Austursvæði . . . . 78.500 m<sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. september 2015.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
1	Borgarverk ehf., Borgarnesi	72.113.000	159,1	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	45.330.000	100,0	-26.783

### Útboð í forvalsferli

Auglýst: Opnað:

14-042 Bakkavegur Húsavík, Bökugarður - Bakki, forval jarðgöng og vegagerð	02.06.14	15.07.14
--	----------	----------

### Útboð á samningaborði

Auglýst: Opnað:

15-006 Yfirlagnir á Suðursvæði og Austursvæði 2015, blettanir með klæðingu	03.03.15	17.03.15
15-024 Viðgerðir á malbikuðum slitlögum á Suðursvæði 2015-2016	03.03.15	17.03.15
15-023 Viðhald malarvega á Suðursvæði 2015-2016, vegheflun	03.03.15	17.03.15
15-002 Yfirlagnir á Norðursvæði 2015, klæðing	03.03.15	17.03.15
15-001 Yfirlagnir á Austursvæði 2015, klæðing	03.03.15	17.03.15
15-011 Sólheimajökulsvegur (221), Hringvegur - Þjónustuhús og Landeyjavegur (221), Hringvegur - Uxahryggur I	16.02.15	03.03.15
15-022 Hornafjörður, sjóvörn við Suðurfjöru	16.02.15	03.03.15
15-019 Stykkishólmur, breyting á ekjubrú	02.02.15	17.02.15
15-020 Norðfjörður, Togarabryggja - Þekja og lagnir	02.02.15	17.02.15
15-005 Yfirlagnir á Vestursvæði og Norðursvæði 2015, blettanir með klæðingu	02.02.15	24.02.15
15-021 Efnisvinnsla á Austursvæði 2015-2016	02.02.15	17.02.15
15-013 Húsavík, sjóvörn 2015	12.01.15	27.01.15
14-058 Sjóvarnir á Akranesi og Hvalfjarðarsveit	01.12.14	16.12.14

### Samningum lokið

Opnað: Samið:

Ekki hafa verið gerðir neindir nýir verksamningar frá því síðasta blað kom út

### Útboð fellt af lista

14-003 Hringvegur (1) um Jökulsá á Fjöllum, brú og vegur
--

### Yfirlagnir á Austursvæði 2015, klæðing

15-001

Tilboð opnuð 17. mars 2015. Yfirlagnir með klæðingu á Austursvæði á árinu 2015.

Helstu magntölur eru:

Yfirlagnir . . . . . 275.930 m<sup>2</sup>

Hjólför . . . . . 79.210 m<sup>2</sup>

Flutningur steinefna . . . . . 4.4840 m<sup>3</sup>

Flutningur bindiefna . . . . . 581 tonn

Verki skal að fullu lokið 1. september 2015.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2	Bikun ehf. Kópavogi	73.232.134	102,6	6.724
---	Áætlaður verktakakostnaður	71.377.000	100,0	4.869
1	Borgarverk ehf., Borgarnesi	66.508.000	93,2	0